

**116. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stíllholti  
16-18,  
3. júní 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1901204 - Fimleikahús framkvæmdir - Þekjan**

Skóla- og frístundaráð leggur til að skipulags- og umhverfissvið útfæri og kostnaðarmeti að framtíðahúsnæði frístundar Brekkubæjarskóla verði á "Þekjunni", hæð fyrir ofan fimleikahús og íþróttahreyfingin fái húsnæðið sem er nú nýtt fyrir frístund. Einnig leggur ráðið áherslu á að "Þekjan" verði fjölnota svæði. Kostnaðaráætlun kynnt á fundinum.

*Karl Haagensen verkefnastjóri, lagði fram kostnaðarmet að framtíðarhúsnæði frístundar í "Þekjunni", hæð fyrir ofan fimleikahús. Skipulags- og umhverfissráð felur verkefnastjóra að vinna málið áfram.*

**2. 1903185 - Grundaskóli - færleg skólastofa**

Möguleikar á fleiri kennslustofum í Grundaskóla í haust.

*Karl Haagensen verkefnastjóri, lagði fram kostnaðarhugmyndir um lagfæringar á lausri kennslustofu við Grundaskóla. Skipulags- og umhverfissráð felur verkefnastjóra að vinna málið áfram.*

**3. 1812201 - Brekkubæjarskóli - breytingar/endurbætur á annari hæð**

Kynning á opnun útboðs vegna vinnu við kennarastofur.

*Eftirfarandi tilboð barst í verkið "Brekkubæjarskóli 2. áfangi 2019".*

*GS Import kr. 17.237.700*

*Kostnaðaráætlun kr. 13.185.000*

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að tilboð GS-Import verði tekið.*

**4. 1905353 - Leikskólalóðir**

Minnisblað umhverfisstjóra vegna leikskólalóða.

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri, lagði fram minnisblað um málið. Skipulags- og umhverfissráð felur umhverfisstjóra að vinna málið áfram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.**

Ragnar Sæmundsson  
Gerður Jóh. Jóhannsdóttir  
Sævar Freyr Þráinsson  
Stefán Þór Steindórsson

Sig. P. H.